

Formannafundur Félags hrossabænda í Bændahöllinni fimmtudaginn 15. apríl 2010 kl. 10.

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Ólafur Einarsson meðstjórnandi, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Ingimar Ingimarsson Hrossaræktarsambandi Skagafjarðar, Sveinn Steinarsson Hrossaræktarsamtökum Suðurlands, Magnús Jósefsson ritari FHB frá A-Hún., Ríkhartur Hafdal frá Hrossaræktarsamtökum Ey-Ping., Jósef Valgarð Þorvaldsson frá HrAust og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri FHB. Þórir Ísólfsson frá V-Hún. og Sigurður Jökulsson frá Dalamönnum boðuðu forföll.

Kristinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Setti Sigbjörn sem fundarstjóra og Huldu sem fundarritara.

Yfirlit formanna:

Sveinn Steinarsson sagði starf sinna samtaka hafa verið með hefðbundnu sniði. Fundir og fræðslukvöld, reiðhallarsýningar og fleira. Vel sótt námskeið um liti sem félagar höfðu mikinn áhuga á. Námskeið í byggingardómum og fleira þess háttar. Góð þátttaka í ungfolasýningu og ræktunarsýning framundan. Slepptu folaldasýningu í haust vegna mikils framboðs af slíkum sýningum.

Verið að vinna að gerð minningargrips um Þorkel Bjarnason sem veita á sem verðlaun á LM.

Ingimar Ingimarsson sagði um 180 féлага í sínum samtökum og þó nokkuð væri um endurnýjun. Kynbótastarfið nokkuð fyrirferðarmikið. Þeir leigja tvo hesta sem sinna um 50-60 hryssum árlega. Hafa staðið fyrir sýningunni Ræktun Norðurlands í reiðhöllinni á Sauðárkróki og héldu folaldasýningu í nóvember og var mikil þátttaka eða um 50 folöld og ágætis áhorf. Eru með uppskeruhátíð í samstarfi við hestamannafélögin í Skagafirði, veita viðurkenningar til hrossaræktenda á svæðinu. Ræktunarbú ársins var Hafsteinsstaðir, Bjarni Jónasson kynbótaknapi ársins. Gefa út fréttabréf einu sinni á ári og eru í góðu samstarfi við Leiðbeiningamiðstöðina.

Jósef Valgarð Þorvaldsson sagði samtökin enn standa í varnarbaráttu vegna FM, þ.e. peningalega. Reiðhöll risin á svæðinu og samtökin eiga hesthús við höllina. Búið að halda folaldasýningu í höllinni, fyrsta slíka sýningin í sögu félagsins. Héldu einn stóðhest í fyrra og gekk það vel. Ætla að bjóða upp á tvo hesta í ár, einn reyndan og eina unga vonarstjörnu. Sækja fundi og taka þátt í samstarfi. Stefnt að því að halda fjórðungsmót á næsta ári.

Magnús Jósefsson A-Hún sagði starf þeirra með hefðbundnu sniði, snýr fyrst og fremst að rekstri reiðhallar og stóðhestahaldi. Þeir halda uppskeruhátíð og veita viðurkenningar, fengu Sigríði Björnsdóttur á aðalfund til að fjalla um merkingarreglugerðina. Verða með Huginn frá Haga og Vilmund frá Feti í sumar. Ræddi verð á folatollum og fannst hátt. Gengur vel að reka reiðhöllina á Blönduósi, leigja þar út hesthúsið.

Ríkhartur Hafdal sagði frá starfi Ey-Ping. Þeir hafa ekki verið með folaldasýningar, heldur hafa minni deildir séð um þær og svo úrvalssýning í reiðhöllinni hjá Létti í lokin. Komma var ræktunarbú ársins. Samtökin eiga hlut í tveimur stóðhestum, þeim Gígjari og Gusti. Halda ekki stóðhesta, deildir og

einstaklingar sjá um það. Um 20 1vl hestar í boði á svæðinu. Héldu aðalfund um daginn þar sem félagsgjald í FHB kom m.a. til umræðu. Í hvað fara þessir peningar og hverju er þetta að skila okkur? Fjölgar aðeins í félaginu, nálgast 300.

Kristinn fór því næst yfir fundarferð hans og Guðlaugs. Haldnir voru átta fundir og formaður FT var með í för. Mikill áhugi á hrossarækt og fólki fjölgar sem stundar hana. Vægisbreytingar orðnar að veruleika, en þær hafa verið í umræðunni sl. þrjú ár. Lágörk inn á LM höfðu verið kynnt með hertum skilyrðum um 0.5 stig, en eftir að reiknað hafði verið upp miðað við ný vægi þá virtust mörkinn það ströng að óþarflega fá hross kæmust inn. Fagráð hefur lækkað lágörkin niður í þau sömu og voru á síðasta LM. Mikið var rætt um landsmót á fundunum, sérstaklega staðarval.

Skráningarmálin – nú þarf einfaldlega að merkja öll hross, merkingarreglugerð hefur verið í gildi frá 2003, en þrátt fyrir það eru einhverjir sem ekki hafa sinnt því að merkja sín hross. FHB hefur lagt sitt af mörkum í samstarfi við MAST og WorldFeng um að hafa þetta eins einfalt eins og hægt er.

Árgjald FHB var rætt aðeins á tveimur fundum í ljósi breytts aðgangs að WorldFeng. Þrátt fyrir að aðgangurinn komi nú annars staðar frá amk. fyrir flesta þá höfum við samt verið að leggja peninga í þróun á WorldFeng, t.d. heimaréttina. Lyfjaskráning og önnur þróun á gagnagrunninum kostar auðvitað líka sitt.

Ákvarðanir um árgjald eru teknar á aðalfundinum og við fylgjum þeim.

Vöntun er á sláturhrossum og þau hross sem koma til slátrunar eru þó nokkuð mörg ómerkt. Var lokað á Rússlandsmarkað og þurfti að fara í miklar aðgerðir til að ná því til baka, m.a. með þýðingum á lögum og reglugerðum og mun FHB styrkja það verkefni.

Kristni fannst gaman að sjá kraft í fólki á fundarferðinni, nefndi t.d. uppbyggingu hjá HrAust varðandi reiðhöll og hesthúsaðstöðu ofl.

Verð á folatollum hefur ekki lækkað ólíkt því sem menn hefðu kannski búist við.

Eyþór vakti athygli á því að þeir sem eru í hestamannafélögum fá núna tvöfaldan aðgang að WF, auk þess sem þeir sem ekki eru í hestamannafélögum en eru í FHB fá áfram sína áskrift.

Sveinn sagði lítið standa eftir af árgjaldinu heima í deildunum.

Kristinn spurði hvort menn teldu að betra væri að peningarnir yrðu meira eftir í deildunum, hvaða verkefni ætli menn að sinna fyrir peningana? Hvað vilja deildirnar að félagið geri? Telja deildirnar að það séu einhver verkefni sem við erum að sinna sem þær vilja taka yfir?

Fundarmenn ræddu árgjaldið vítt og breitt. Hvaða „gulrót“ bjóða deildirnar. Niðurgreiðslur á námskeiðum, afsláttur á stóðhestum ofl. slíkt.

Jósef Valgarð sagði deildirnar geta staðið sig betur í að kynna starfsemi félagsins, t.d. eftir aðalfundi og vísa vel á heimasíðuna.

Sigbjörn benti á ályktanir t.d. um Stofnverndarsjóð sem ekki eru afgreiddar í ráðuneyti.

Kristinn talaði um þróunarsjóðsverkefnið sem FHB átti stóran þátt í að koma á. Margir fundir og mikil vinna lögð í að reyna að halda þessu framlagi opnu. Kristinn hefur verið að reyna í margar vikur að fá viðtal við ráðherra en ekkert gengið.

Framleiðnisjóður sendir sumar umsóknir til okkar til umsagnar, en ekki allar.

Kristinn opnaði umræður um Landsmót.

Eftir síðasta landsmót var talað um að ræða umgjörð og dagskrá mótanna. Sú umræða hófst í stjórn FHB og í fagráði. Endurskoða ofhlaðna dagskrá og fleira. Einn möguleiki sem rætt var um var að skipta mótinu í tvennt, þ.e. kynbótamót og svo gæðingamót. Einnig kom upp sú hugmynd að skipta mótinu í yngri flokka mót og gæðinga- og kynbótamót hins vegar. Niðurstaða framkvæmdastjórnar LM var hins vegar að lengja mótið um einn dag.

Önnur umræða sem hefur verið mjög heit er staðarval 2012 og 2014. Staðarvalið núna virtist koma mörgum á óvart, mjög margir töldu að komin væri hefð á að halda mótin á Norður- og Suðurlandi, og þá á Vindheimamelum og Hellu, en þó var það ekkert formlegt.

Í lögum LH segir að hafa eigi gott samráð við BÍ um staðarvalið, en það var ekki gert nú. Stjórn FHB ályktaði til búnaðarþings um að mótin skyldu haldin á Norður- og Suðurlandi til skiptis, í dreifbýli. FHB eyrnamerkti ekki tvo sérstaka mótsstaði.

Bændasamtökin eru farin að skoða sín mál varðandi hvernig fyrirkomulag kynbótasýninga í framtíðinni á að vera.

Eyþór sagði ekki spurningu í sínum huga að mótin eigi að vera bundin við landsbyggðina, hefur áhyggjur af því að færi mótin inn í þéttbýlið. Getur gjörbreytt umgjörð mótanna sem hafa mikla sérstöðu og eru stór útilega fjölskyldunnar. Finnst einnig mjög óeðlilegt að BÍ hafi ekkert um það að segja hvernig þróun þessara má er og hvernig valið fer fram. Fáranlegt hvað við höfum lítið áhrif á þetta ferli allt saman.

Sveinn sagði umræðuna hafa verið hálf dapurlega og leiðinlegt að sjá hestamenn agnúast innbyrðis. Mörg sjónarmið í þessu. Stjórn HrSS dró saman staðreyndir í málinu. Kynbótageirinn hefur í raun gefið frá sér ákvarðanavaldið, en er stór partur af landsmóti og ætti kannski að hafa meiri vigt. Stjórnin lagðist yfir þetta með greinargerð og aðalfundur þeirra samþykkti tillögu um málið. Farið verði yfir málið á víðum grunni og ekki girt fyrir eitt eða neitt. Sveinn kynnti tillöguna og greinargerð um málið. Tillagan hljóðar svo:

„Aðalfundur HS haldinn í félagshheimili hestamannafélagsins Sleipnis, Hliðskjálfr, þann 23. mars 2010. Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin varðandi landsmótahald skorar aðalfundur HS á forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands, Félags hrossabænda og Landssambands hestamannafélaga að efna til ráðstefnu hið fyrsta um hvernig staðið skuli að staðarvali og landsmótahaldi til framtíðar.“

Tillaga þessi var samþykkt á aðalfundi HS og voru fundarmenn á formannafundi FHB henni einnig hlynntir.

Ríkharður sagði Ey-Þing hafa verið óánægð með að þessi ályktun FHB hafi ekkert verið rædd. Ljóst væri að vinnuferlið væri þannig að fleiri staðir kæmu til greina. LH á að taka ákvarðanir og allir staðir eru í boði. Eftir síðasta mót finnst honum ekki sjálfgefið að Hella fái mótið aftur. Hulda spurði af hverju og hann talaði um skipulagið á mótinu. Hulda benti á að það væri ekki svæðishaldarar sem réðu því og því ekki rétt að kenna svæðinu um þau mál.

Magnús spurði hver afstaða þeirra væri gagnvart dreifbýli/þéttbýli. Ríkharður sagði þá ekki hafa mótað hana.

Hulda benti á að hugsun FHB með ályktuninni hefði verið að vernda hagsmuni dreifbýlisins .

Kristinn sagði þá hafa viljað koma umræðunni af stað til að fá það upp hverjir vildu vera með í þessum leik. Sum svæðin munu ekki spila með – hafa ekki burði til þess. LH fór ekki að sínum eigin lögum hvað undirbúning valsins varðar.

Ingimar hrósaði Sveini og félögum fyrir sína samantekt. Allt opið, hvernig á að þetta að vera?? Dreifbýli/þéttbýli er grundvallarspurningin. Og svo kemur að skiptingu mótanna osfrv.

Sigbjörn spurði hver ætlar að bera fjárhagslega ábyrgð þegar tap er á mótunum? Eru menn búnir að gleyma forsögunni, tap á FM í Reykjavík og LM í Reykjavík, félög sátu eftir í sárurum. Eyfirðingar áratugi að borga upp mótið 1998.

Kristinn sagði það yfirlýsta stefnu stjórnar LH að svæðin fái ekki neitt í sinn hlut.

Rætt um dagskrá landsmóta – fá fram hugmyndir um breytt snið, t.d. á kynbótasýningu. Hugsanlegt að dæma kynbótahross á tveimur völlum, með tveimur dómnefndum.

Matarhlé

Haraldur Benediktsson, formaður BÍ, kom til fundar.

Rakti samskipti sín við stjórn FHB og umræðu um minnkandi fjármuni, endurskoðun á sýningarhaldi og fl. Áherslur í faglegri starfsemi BÍ. Skipa þarf í starfshóp um framtíð kynbótasýninga, BÍ er búíð að skipa sína menn í hópinn og þarf FHB að senda inn sínar tilnefningar. Spurning um að sýningargluggi kynbótahrossa sé árlegur, þ.e. ekki bara á LM annað hvert ár.

BÍ ætlar ekki að opna landsmótsmálin neitt fyrir mótið í ár, heldur klára það í góðu samstarfi. Á eftir verður þetta allt opið og samstarfið endurskoðað. Gefa þarf spilin svolítið upp á nýtt.

Ingimar – á svipuðum nótum og við vorum að ræða. Mikið sem þarf að velta fyrir sér og móta.

Sveinn – ekki ana út í gagngerar breytingar að óhugsuðu máli. Ekki mála þetta of dökkum litum og passa að láta ekki staðarvalið blandast inn í heildarumræðu um landsmót. Auðvitað þarf búgreinin að hafa meira um þetta að segja og vera meira virk í umgjörðinni.

Eyþór – óþolandi staða að hafa svona lítið um þetta að segja. Viljum sjá mótin áfram sem eina heild og áfram úti á landsbyggðinni. En þurfum að komast í samningsstöðu með að þróa hugmyndir okkar til að eiga plan B. Setja í gang vinnu við að hugsa hvernig við viljum hafa þetta ef allt fer á versta veg.

Fundarmenn tóku undir orð Eyþórs. Burtséð frá staðarvalinu var vandamálið til staðar, þ.e. umgjörðin. Ekki hægt að fljóta að feigðarósi með það að mótin séu orðin of erfið og hætt að vera skemmtileg.

Magnús – má hugsa þetta mál upp aftur, af hverju kostar þetta allt svona mikið? LH hefur viljað taka yfir kynbótastarfið og leggja niður FHB.

Sigbjörn velti upp fjárhagslegu ábyrgðinni aftur. En hugmyndin um landssýningu á hverju ári er góð, þá kannski koma færri hross á LM, ekki uppsöfnuð til 2ja ára.

Jósef Valgarð list vel á hugmynd BÍ að vinna LM í ár óbreytt og starfshópur taki til starfa fyrir næsta mót. Telur gístimöguleika á háannatíma ferðamanna í Reykjavík verða vandamál á LM.

Sigbjörn – benti á að formaður og varaformaður LH sitja beggja megin borðsins hjá LM.

Haraldur sagði samstarf BÍ við bæði Sveinbjörn og Lárus hafa verið frábært. Eyþór hafi svo verið tengiliður inn í stjórn og síðar Ágúst Sigurðsson. LH hafi síðan ákveðið að breyta skipulagi stjórnarinnar og sett þar inn sína forystumenn og því hafi BÍ sett inn stjórnarmann frá sér.

Samandregið – eftir landsmót í sumar verður fyrra samstarf aldrei eins, munu verða vatnaskil. Nýjar leiðir skoðaðar. Viljum betri og meiri aðkomu mótahaldinu. Stefna skuli að því að halda ráðstefnu um málefni LM í haust, talað um september og hugsanlega staðsetningu á Hvanneyri.

Uppskeruhátíð hestamanna – ræddar hugmyndir að breyttu sniði hátíðahaldanna. Samþykkt að skoða breytingar þar á og tengja aðalfundi FHB. Huldu falið að vinna í málinu ásamt stjórn.

Hestatorgið rætt lausleg og voru fundarmenn á því að því verkefni beri að halda áfram. Góð kynning á greininni og hefur fest sig í sessi.

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið um kl. 16.

HGG/hgg